

Aðalfundur SSSK

Aðalfundur SSSK verður haldinn miðvikudaginn 29. apríl á 6. hæð í Húsi atvinnulífsins og hefst kl. 15:30. Að loknum aðalfundarstörfum verður boðið til veislu. Fulltrúar rekstraraðila, skólastjórar og aðstoðarskólastjórar eru hjartanlega velkomnir á fundinn ásamt áhugasömum starfsmönnum SSSK. Mikilvægt er að skrá sig á sigrídur@svth.is eða í síma 511 3000.

Framboð til stjórnar má berast fram að aðalfundi. Edda Huld gengur úr aðalstjórn þar sem hún hættir sem skólastjóri í Skóla Ísaks Jónssonar. Sigríður Anna Guðjónsdóttir nýr skólastjóri í Skóla Ísaks Jónssonar býður sig fram í hennar stað. Karen Valdimarsdóttir og Sólveig Einarsdóttir ganga úr varastjórn.

Mynd: Stjórn SSSK talið frá vinstri: Margrét Pála Ólafsdóttir Hjallastefnunni, Guðrún Björnsdóttir Félagsstofnun stúdenta, Sólveig Einarsdóttir Vinaminni, Karen Valdimarsdóttir Gimli, Lovísa Hallgrímsdóttir Regnbognum, Margrét Theodórsdóttir Tjarnarskóla og Edda Huld Sigurðardóttir Skóla Ísaks Jónssonar. Á myndina vantar Snorra Traustason Waldorfskólunum Sólstöfum og Höfn.



Ný heimasíða SSSK - Á aðalfundi SSSK 29. apríl n.k. verður ný heimasíða tekin í notkun.

Lögverndun á heitinu leikskólakennari

Skv. lögverndun á starfsheiti leikskólakennara (nr. 87/2008) ber öllum leikskólum að auglýsa lausar stöður ef leikskólinn er með minna en 2/3 hluta leikskólakennara. Auglýsa þarf tvisvar sinnum til að geta ráðið aðra en leikskólakennara og sitja þá þeir fyrir sem hafa menntun sem nýtist í starfi. Aðeins má ráða í eitt ár en þá þarf að endurtaka umsóknarferlið. Núverandi starfsmenn halda stöðum sínum skv. bráðabirgðaákvæði laganna þannig að auglýsingar í sumar gilda bara um lausar stöður skv. okkar skilningi.

Ekki er enn vitað hvernig sveitarfélögin túlka stöðu annars fagfólks en leikskólakennara hvað varðar hækkun/lækkun framlags á grundvelli faghlutfalls en Félag leikskólakennara hefur hins vegar sett inn í samning hjá sér að fólk í Leikskólakennarafélaginu án leikskólakennaranáms er 2- 4 launaflokkum lægri en þeir sem hafa leyfisbréfið. Við höfum ýtt við málinu með viðræðum við menntamálaráðuneytið en ekkert hefur gerst. Sjá nánar á vef SSSK eftir aðalfundinn, samningum FL og í lögum sem finnanleg eru á vef menntamálaráðuneytis.

Nýr verkefnastóri

Sigríður Anna Guðjónsdóttir hefur verið ráðin skólastjóri í Skóla Ísaks Jónssonar og hættir því sem verkefnastjóra SSSK. Ekki hefur verið gengið frá ráðningu í hennar stað en við munum segja frá nýjum starfsmanni á síðum Fréttapósts SSSK þegar að því kemur.

Samstarfshópur menntasviðs og SSSK

Stofnaður hefur verið starfshópur á menntasviði Reykjavíkurborgar um gerð rekstrarsamnings við sjálfstæða grunnskóla í borginni. Formaður nefndarinnar er Guðrún Pálína Ólafsdóttir. Formleg vinna er ekki hafin en þann 18. mars síðast liðinn kom Guðrún Pálína til kynningarfundar í húsakynnum SVP með þeim Margréti Pálu og Margréti T., Sigríði Önnu hjá SVP og Sigríði í Landakotsskóla. Gert er ráð fyrir að allir skólastjórnendur/rekstraraðilar sjálfstæðu grunnskólanna sitji í nefndinni.